

MENNINGAR- og ÍPRÓTTARÁÐ

Ár 2025, föstudaginn 9. maí var haldinn 7. fundur menningar- og íþróttaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi og hófst hann kl. 09:05. Eftirtalin voru viðstödd fundinn: Skúli Þór Helgason, Sara Björg Sigurðardóttir, Stefán Pálsson, Kjartan Magnússon, Friðjón R. Friðjónsson og Aðalsteinn Haukur Sverrisson. Kristinn Jón Ólafsson tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Steinþór Einarsson, Atli Steinn Árnason, Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, Helga Friðriksdóttir og Auður Ásgrímsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á skýrslu starfshóps um fjölmennningarfræðslu fyrir íþrótt- og tómstundastarf í Reykjavík. MIR25040003

Gerður Sveinsdóttir og Birta Björnsdóttir mannréttinda- og fræðslustjóri frá ÍBR taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Starfshópur um fjölmennningarfræðslu fyrir íþrótt- og tómstundastarf í borginni hefur unnið afburðagott starf á undanförunum árum eftir að hópurinn var settur á fót árið 2018. Mótaðir hafa verið verkferlar fyrir móttöku nýrra iðkenda af erlendum uppruna, bætt upplýsingamiðlun um fjölmenningu og síðast ekki síst inngildingu. Skipulegt íþrótt- og tómstundastarf er ein besta leið til að taka þátt í nærsamfélaginu, þátttakan myndar tengsl milli barna, hefur mikið forvarnargildi og vinnur gegn áhættuhegðun allt í gegnum leikinn. Starfshópurinn leggur nú fram tillögur um áhugaverð verkefni, eins og gæðafulltrúa sem sinni sérstaklega iðkendum af erlendum uppruna, íþróttakort sem mikilvægt er að vinna í tengingu við fristund.is, aukna áherslu á fræðslu um fjölmenningu og inngildingu í þjálfaramenntun, og miðlun upplýsinga um kostnað við æfingar og keppnum í mismunandi íþróttagreinum. Það er einkar mikilvægt að leitað sé leiða til að brúa umframkostnað sem skapast af þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir tekjuminni fjölskyldur. Þá er ánægjulegt að sjá að útfærsla og innleiðing á vinaliðafjölskyldum eða íþróttastuðningsfjölskyldum að norrænni fyrirmynd er á dagskránni samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar við ÍBR.

Fulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn fagnar þeirri vinnu sem ÍBR er að hefja út frá niðurstöðum starfshóps um fjölmenningarstarf fyrir íþrótt- og tómstundastarf í Reykjavík. Inngilding er gríðarlega mikilvæg fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna og fyrir íslenskt samfélag í heild. Skipulagt íþróttastarf er ein besta leið til að virkja börn og foreldra þeirra til að koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins þakka fyrir kynningu á skýrslu starfshóps um fjölmennningarfræðslu fyrir íþrótt- og tómstundastarf í Reykjavík. Skýrslan felur í sér góða greiningu á viðfangsefninu og ýmsar tillögur til úrbóta. Meðal annars liggur fyrir tillaga um að ráðist verði í sérstak áttak til að auka íþróttapátttöku ungs fólks af

erlendum uppruna í Efra Breiðholti og að sérstakur starfsmaður sinni því verkefni. Í þessu sambandi er minnt á tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem lögð var fram á fundi íþrótt- og menningarráðs 11. apríl, um stuðning borgaryfirvalda við starf íþróttafulltrúa á vegum Íþróttafélagsins Leiknis í Efra Breiðholti. Ljóst er að eitt helsta hlutverk þess íþróttafulltrúa yrði að auka íþróttapátttöku ungs fólks af erlendum uppruna í hverfinu og væri starf hans því í góðu samræmi við slíkt átak. Afgreiðslu áðurnefndrar tillögu var frestað að ósk meirihluta ráðsins og óska fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir því að hún verði tekin til afgreiðslu á næsta fundi þess.

- kl. 9:07 tekur Jóna Hlíf Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi BÍL sæti á fundinum undir þessum lið.
- 2. Lagt fram minnisblað skrifstofustjóra íþróttaborgar dags. 9. maí vegna endurbóta og viðhaldsframkvæmda í Vesturbæjarlaug. MIR25050006

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þakkað er fyrir kynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum við Vesturbæjarlaug sem unnar verða í viðhaldslokun laugarinnar frá seinni hluta maí til júníloka. Þær fela í sér mikilvægar viðgerðir á laugarkeri, ýmsar smærri uppfærslur og endurnýjun á gufubaðsaðstöðu sem ætlað er að auka fjölbreytni og gæði þjónustunnar. Farið verður í tímabæra viðgerð á laugarkerinu þ.m.t. málun, umskipti á rennibraut, breytingu á lýsingu, útskipti á neyðarkerfi hússins, endurnýjun á hálkuvörnum á tröppum, útskipti á öryggisgrindverkum á bakka og ýmis verkefni í tæknikjallara. Þá verður ráðist í framkvæmdir tengdar nýrri gufubaðsaðstöðu þar sem skipt verður um hefðbundna sánuklefa auk þess sem komið verður fyrir infrarauðri sánu. Samráð verður haft við sundlaugargesti um útfærslur á þjónustunni með hugmyndasamkeppni en tillögur arkitekta á nýju aðstöðunni eru komnar til kynningar í lauginni.

- 3. Fram fer kynning á stafrænu borgarkorti. MIR25050004

Lára Aðalsteinsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- 4. Lögð fram eftirfarandi tillaga skrifstofustjóra menningarborgar dags. 7. maí 2025 um nýja þátttakendur í faghóp Borgarhátíða. MIR25050002 – trúnaðarmál.

Samþykkt.

- 5. Lagt fram minnisblað skrifstofustjóra menningarborgar dags. 7. maí 2025 um borgarlistamann Reykjavíkur 2025. MIR25030011 – trúnaðarmál.

Umræður.

- 6. Fram fer umræða um Borgarsögusafn og 20 ára afmæli Sjóminjasafnsins. MIR25050003

Guðbrandur Benediktsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- 7. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu MIR25050014:

Menningar- og íþróttaráð Reykjavíkur beinir því til borgarráðs að veittur verði styrkur til Knattspyrnufélagsins Víkings vegna viðhalds og endurbóta á fasteignum félagsins við Stjörnugróf. Brýnt er að endurnýja þak íþróttahússins sem og klæðningu á útveggjum. Ráðast þarf í ýmsar endurbætur innan húss, t.d. lagfæringar vegna rakaskemmda, sem orðið hafa vegna lélegs ástands þaks og útveggja. Jafnframt er æskilegt að farið verði í breytingar á skipulagi húsnæðisins svo það þjóni hlutverki sínu betur, t.d. með tilfærslu á skrifstofum, sölum og búningasklefum. Þá þarf að gera úrbætur á aðgengismálum, innan dyra og utan, enda ljóst að þau samræmast ekki nútímakröfum að þessu leyti.

Frestað.

Fundi slitið kl. 11:24.

Skúli Helgason

Kristinn Jón Ólafsson
Stefán Pálsson
Kjartan Magnússon

Sara Björg Sigurðardóttir
Friðjón R. Friðjónsson
Aðalsteinn Haukur Sverrisson